

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík



Efni: Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028

Um umsagnaraðila

Athugasemdir þessar eru gerðar af hlutaeigendum sumarbústaðarins Djúpaleitis (= Hellur 1, fasteignanr. 163024). Húsið í Djúpaleiti var byggt árið 1978 og er á 0,5 ha lóð með 99-ára lóðarleigusamning við Þórisholt ehf. sem gildir til ársins 2077. Djúpaleiti stendur nokkra metra frá áætluðum gangnamunna vestan í Reynisfjalli.

Athugasemdir við tillögu að breyttri legu þjóðveggar 1

Eigendur Djúpaleitis gera athugasemd við að ekki hefur verið gerð könnun á hljóðmengun eða hljóðkort fyrir svæðið. Ljóst er að ný veglína mun valda umtalsverðri truflun og hljóðmengun í Djúpaleiti. Auk þess mun stóraukin umferð í grennd við sumarbústaðinn auka til muna slyshættu þeirra barna sem í bústaðnum dvelja um lengri eða skemmri tíma.

Einnig gera eigendur Djúpaleitis athugasemd við að ný veglína muni valda sjónmengun og byrgja útsýni frá húsinu að Dyrhólaey og Reynisfjöru, en útsýnið vegur þungt í umhverfisgæðum súmerhússins. Gerð er athugasemd við að í tillögu að aðalskipulagi hefur ekki verið lögð fram nákvæm lýsing á staðsetningu vegar og jarðgangnamunna né reynt að sýna legu mannvirkja í umhverfinu með myndum eða nákvæmum kortum. Ekki hafa heldur verið færð rök fyrir né gerðar rannsóknir á því hver endanleg hæð vegar eða gangnamunna verður.

Eigendur Djúpaleitis gera athugasemd við það mikla rask á umhverfi sem fylgja mun fyrirhugaðri vegalagningu og jarðgangnagerð en einnig við þá loftmengun og hávaðamengun af bilaumferð sem stafa mun af legu þjóðveggar svo nærri bústaðnum.

Við undirrituð eigendur Djúpaleitis mótmælum harðlega hugmyndum að nýrri veglínu þjóðveggar 1 um Mýrdal samkvæmt framlögðum drögum að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Það er ljóst að breytt legu þjóðveggar 1 um Mýrdalshrepp mun rýra verðgildi eignar okkar verulega og skerða nýtingarmöguleika frá því sem áður var. Verði núverandi veglína samþykkt á aðalskipulagi áskilum við okkur fullar bætur fyrir okkar tjón. Munum við þá leita réttar okkar gagnvart sveitarfélaginu á grundvelli 51. greinar Skipulagslaga, nr. 123/2010.

21. nóvember 2011

Sigurgeir Kjartansson, kt. 070338-2389, Ekrusmára 2, 201 Kópavogi

Aðalsteinn Sigurgeirsson, kt. 120662-7169, Logalandi 7, 108 Reykjavík,

Elín Sigurgeirsdóttir, kt. 090267-6049, Birkigrund 29, 200 Kópavogi

Kristinn Kjartansson, kt. 2811422839, Völvufelli 28, 111 Reykjavík

Kjartan Kjartansson, kt. 011144-2099, Ekrusmára 2, 201 Kópavogi